



## Lýsing svæðisskipulagsverkefnis: Aðalskjal

unnin í samræmi við ákvæði 23. gr. skipulagslaga

TIL KYNNINGAR Í NÓVEMBER 2012

Svæðisskipulagsnefnd og stýrihópur um svæðisgarð á Snæfellsnesi



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Formáli</b> .....	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>Nálgun og aðferðir</b> .....	<b>4</b>
1.1	Hlutverk þessa skjals .....	1	3.1	Uppbygging kaflans .....	4
1.2	Uppbygging skjalsins .....	1	3.2	Hlutverk svæðisskipulags .....	4
1.3	Spurningar til lesenda .....	1	3.3	Nálgun við svæðisskipulagsgerðina .....	5
<b>2</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>	3.4	Leiðarljós og viðfangsefni .....	9
2.1	Undirbúningur að stofnun svæðisgarðs .....	2	3.5	Þátttakendur .....	12
2.2	Aðilar að verkefni um svæðisgarð .....	2	3.6	Samstarf og samráð .....	12
2.3	Svæðisskipulagsnefnd .....	3	3.7	Greining .....	17
2.4	Lýsing svæðisskipulagsverkefnis .....	3	3.8	Stefnumörkun .....	18
			3.9	Framsetning .....	18
			3.10	Miðlun .....	18
			3.11	Vinnuferlið .....	19
<b>4</b>	<b>Umhverfismat</b> .....	<b>20</b>	<b>4</b>	<b>Umhverfismat</b> .....	<b>20</b>
<b>5</b>	<b>Umsagnaraðilar um lýsingu</b> .....	<b>20</b>	<b>5</b>	<b>Umsagnaraðilar um lýsingu</b> .....	<b>20</b>
<b>6</b>	<b>Næstu skref</b> .....	<b>21</b>	<b>6</b>	<b>Næstu skref</b> .....	<b>21</b>

## Myndayfirlit

1. Spurningar til lesenda .....	1	13. Möguleg viðfangsefni vinnuhópa í samstarfsnetinu .....	12
2. Meginskrefin í átt að stofnun svæðisgarðs.....	2	14. Hagsmunaaðilar og mögulegir þátttakendur í áætlunargerðinni .....	1
3. Stjórnfyrirkomulag svæðisgarðsverkefnis.....	2	15. Samstarfsmódel.....	14
4. Fyrsti fundur svæðisskipulagsnefndar og stýrihóps 12. apríl 2012 .....	3	16. Gögn, viðfangsefni og samráð .....	15
5. Uppbygging lýsingar á nálgun og aðferðum.....	4	17. Öflun upplýsinga.....	16
6. Snæfellsnesið sem ein heild.....	5	18. Samráð við gagnaöflun .....	16
7. Sérkenni svæðisins tengd við atvinnugreinar .....	5	19. Flokkun og túlkun gagna .....	16
8. Atvinnugreinar tvinnnaðar saman .....	6	20. Flokkar gagna sem safnað verður fyrir landkosta- og sérstöðugreiningu..	17
9. Dæmi um eldri og nýrri verkefni á Snæfellsnesi og Vesturlandi .....	7	21. Breið verðmætasköpun á grunni sérkenna Snæfellsness .....	17
10. Tengsl við Evrópska landslagssáttmálann .....	8	22. Megináfangar áætlunargerðarinnar .....	19
11. Tengsl milli leiðarljósa og viðfangsefna svæðisskipulagsgerðarinnar.....	10	23. Verkpættir í hverjum áfanga og tímaáætlun .....	19
12. Netagerð.....	12		

# 1 Formáli

## 1.1 Hlutverk þessa skjals

Í þessu skjali er birt lýsing á því hvernig staðið verður að svæðisskipulagsgerð fyrir svæðisgarð á Snæfellsnesi. Hlutverk skjalsins er að gefa íbúum svæðisins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina og helstu forsendur hennar. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu.

Skjalið er unnið í samræmi við 23. gr. skipulagslaga þar sem kveðið er á um að við upphaf vinnu við gerð svæðisskipulagstillögu skuli „svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.“

## 1.2 Uppbygging skjalsins

Lýsingin skiptist í sex kafla:

1. kafli er þessi formáli.
2. kafli er inngangur og þar er gerð grein fyrir svæðisgarðsverkefninu, hverjir standa að því og tengslum svæðisskipulags við það. Einnig er hlutverk þessarar lýsingar skýrð.
3. kafli lýsir nálgun og aðferðum við áætlunargerðina.
4. kafli lýsir nálgun við umhverfismat skipulagstillögunnar.
5. kafli birtir lista yfir umsagnaraðila sem þessi lýsing og tillögur á vinnslustigi verða sendar til.
6. kafli segir frá næstu skrefum í vinnunni eftir að þessi lýsing hefur verið kynnt og fengið lögformlega umfjöllun.

Helstu forsendur skipulagsgerðarinnar m.t.t. umhverfis, íbúapróunar og fyrirbyggjandi áætlana eru settar fram í tveimur köflum í viðauka sem er birtur í sérskjali:

2.– 7. kafli í viðauka lýsir umhverfi og aðstæðum á Snæfellsnesi, þ.m.t. helstu dráttum í þróun byggðar og atvinnulífs.

Í 8. kafla viðaukans er gerð grein fyrir áætlunum og verkefnum sem tengjast svæðisgarðsverkefninu og hvernig staðið verður að greiningu þeirra.

## 1.3 Spurningar til lesenda

Við lestur þessa skjals ert þú lesandi góður beðinn að hafa spurningarnar að neðan í huga og senda okkur ábendingar og athugasemdir eftir því sem þér finnst tilefni til. Á þessu stigi er mikilvægast að skoða þetta aðalskjal þar sem kaflar í viðauka verða að einhverju leyti aftur kynntir síðar í ferlinu þegar lýsing á nálgun og umfangi umhverfismats verður kynnt en allar ábendingar á þessu stigi eru þó vel þagnar.

Það er líka mikilvægt að fá ýmiskonar hugmyndir og tillögur fram á þessu stigi. Hikaðu því ekki við að hafa samband eða senda línu þó svo þú sért ekki viss um að það sem þér dettur í hug varði svæðisgarðsverkefnið.

Árangur verkefnisins veltur ekki síst á því að íbúar Snæfellsness fylgist með og taki þátt. Svæðisskipulagsnefnd og stýrihópur um svæðisgarð hvetja þig því til að láta í þér heyra, hvort heldur til að koma á framfæri ábendingum eða til að spyrja spurninga.

Ábendingar þínar verða notaðar af ráðgjöfum og fulltrúum í svæðisskipulagsnefnd og stýrihópi til að skilgreina verkefnið og ferli þess betur.

### 1. Spurningar til lesenda

1. Er eitthvað annað sem þér finnst að ætti að **leggja áherslur á í svæðisgarðsverkefninu en tilgreint er í köflum 3.3 og 3.4 ?**
2. Hefur þú ábendingar um það hvernig ráðgert er að standa að **samráði við íbúa og aðra, sbr. kafla 3.6?**
3. Hefurðu athugasemdir við **vinnuferlið, sbr. kafla 3.11?**
4. Finnst þér vanta einhverja aðila á lista yfir mögulega **þátttakendur og umsagnaraðila í kafla 3.5 og kafla 5?**
4. Finnst þér vanta mikilvægar **grunnupplýsingar í Viðauka þar sem fjallað er um umhverfi og aðstæður á Snæfellsnesi?**
5. Þekkir þú til annarra **verkefna** sem þér finnst tengjast svæðisgarði en tilgreind eru í í Viðauka?

## 2 Inngangur

### 2.1 Undirbúningur að stofnun svæðisgarðs

Þann 7. mars 2012 var skrifað undir samstarfssamning sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi og félaga sem eru samnefnaðar í atvinnulífi á svæðinu, um stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi. Svæðisgarður á sér evrópska fyrirmynd og er skilgreindur sem fjölþætt samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, félaga og samtaka á svæði sem myndar samstæða landslags- og menningarlega heild. Samstarfið byggist á sameiginlegri sýn um sérstöðu svæðisins og samtakamætti við hagnýtingu sérstöðunnar og verndun hennar. Sjá nánar um aðdraganda verkefnisins og hlutverk svæðisgarðs á vefnum: [svaedisgardur.is/](http://svaedisgardur.is/)

Mikilvægur grunnur að svæðisgarði er að móta og festa sameiginlega sýn sveitarfélaganna á Snæfellsnesi á þróun atvinnulífs og samfélags. Svæðisskipulag er verkfæri sem hægt er að nýta í þessum tilgangi og hafa sveitarfélögin því ákveðið að hefja gerð svæðisskipulags fyrir Snæfellsnes. Svæðisskipulaginu er ætlað að setja fram stefnu sem markar ramma fyrir svæðisgarð. Hlutverki þess nánar lýst í kafla 3.2 að aftan.

Þeir sem taka munu þátt í vinnu við mótnun og uppbyggingu svæðisgarðs taka ýmsar mikilvægar ákvarðanir sem eiga að hafa áhrif á þróun atvinnulífs og samfélags á Snæfellsnesi. Þessar ákvarðanir og sameiginleg sýn aðilanna verður innihald stefnu fyrir svæðisgarðinn. Mikilvægt er að stefnan virki sem gott verkfæri sem gagnast getur mörgum aðilum á svæðinu í framtíðinni. Svæðisskipulag er leið til að setja fram slíka vinnuferlið að baki því nýtist til samræðu um mótnun stefnunnar. Hlutverki þess er nánar lýst í kafla 3.2 að aftan.

#### 2. Meginskrefin í átt að stofnun svæðisgarðs



### 2.2 Aðilar að verkefni um svæðisgarð


Þeir aðilar sem standa að verkefninu eru:

- Sveitarfélögin Snæfellsbær, Stykkishólmubær, Grundarfjarðarbær, Eyja- og Miklaholtshreppur og Helgafellssveit
- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Snæfell, félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi
- Búnaðarfélag Eyrarsveitar, Staðarsveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu

Gert er ráð fyrir að fleiri aðilar geti bæst í hópinn ef vilji er fyrir hendi, þ.m.t. einstök fyrirtæki. Skipað hefur verið eigendaráð þar sem hver aðili á einn fulltrúa. Eigendaráð hefur síðan skipað stýrihóp sem sér um framkvæmd verkefnisins innan þess ramma sem eigendaráð hefur ákveðið. Hópurinn samanstendur af þremur fulltrúum frá sveitarfélagunum og þremur fulltrúum frá hinum samstarfsaðilunum. Þessi fulltrúar eru núna:

- Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri Stykkishólmubæjar, formaður hópsins
- Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar
- Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi Snæfellsbæ
- Hallur Pálsson, fulltrúi búnaðarfélaganna þriggja
- Bárður Guðmundsson, fulltrúi Snæfells - félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi
- Þorkell Símonarson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Snæfellsness

#### 3. Stjórnfyrirkomulag svæðisgarðsverkefnis



### 2.3 Svæðisskipulagsnefnd

Sveitarfélögin hafa skipað svæðisskipulagsnefnd sem ásamt stýrihópi mun leiða gerð svæðisskipulagsins. Þegar svæðisskipulag hefur tekið gildi er gert ráð fyrir að unnin verði samstarfssáttmáli um stofnun svæðisgarðs og síðan stjórnunaráætlun fyrir garðinn.

Svæðisskipulagsnefndina skipa:

- Smári Björnsson og Ragnhildur Sigurðardóttir, fyrir hönd Snæfellsbæjar.
- Theodóra Matthíasdóttir og Gretar D. Pálsson, fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.
- Eyþór Garðarsson og Þórður Á. Magnússon, fyrir hönd Grundarfjarðarbæjar.
- Halldór Jónsson, fyrir hönd Eyja- og Miklaholtshrepps.
- Kristín Rós Jóhannesdóttir, fyrir hönd Helgafellssveitar.

Formaður nefndarinnar er Gretar D. Pálsson og varaformaður er Ragnhildur Sigurðardóttir. Nefndin mun vinna náið með stýrihópi um svæðisgarð að gerð svæðisskipulagsins.

Svæðisskipulagsnefndin hefur sett sér starfsreglur sem Skipulagsstofnun hefur fjallað um og birtar verða í B-deild Stjórnartíðinda. Reglurnar er að finna á vef svæðisgarðsverkefnisins, [svaedisgardur.is](http://svaedisgardur.is).

### 2.4 Lýsing svæðisskipulagsverkefnis

Við upphaf vinnu við svæðisskipulag skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin mun hafa við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu. Einnig hvernig samráði og kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum, sbr. 23. gr. skipulagslaga.

Í þessu skjali er sett fram slík lýsing, unnin af svæðisskipulagsnefnd og í samráði við stýrihóp svæðisgarðsverkefnisins. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti lýsinguna á fundi sínum 30. ágúst 2012. Lýsingin var lögð fyrir sveitarfélögin sem standa að svæðisskipulaginu og hafa þau samþykkt hana. Hún verður síðan send Skipulagsstofnun og völdum aðilum til umsagnar, sbr. lista í kafla 5. Lýsingin er jafnframt kynnt almenningi og aðliggjandi sveitarfélögum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum.

#### 4. Fyrsti fundur svæðisskipulagsnefndar og stýrihóps 12. apríl 2012



### 3 Nálgun og aðferðir

#### 3.1 Uppbygging kaflans

Þessi lýsing á nálgun, aðferðum og ferli svæðisskipulagsgerðarinnar er byggð upp eins og lýst er á 5. mynd. Fyrst er fjallað um **hlutverk** svæðisskipulags og lýst hverjar **megináherslurnar** við verkefnið verða. Í kjölfarið er gerð grein fyrir **viðfangsefnum** með því að setja fram leiðarljós og spurningar fyrir svæðisskipulagsgerðina. Þá er gerð grein fyrir **þátttakendum** í verkefninu og hvernig **samstarfi** við hagsmunaaðila verður háttað. Síðan er útskýrt hvernig verður staðið að **greiningu** og **stefnumörkun** og hvernig áætlunin verður **sett fram**. Í kafla um **miðlun** er greint frá hvernig staðið verður kynningarmálum. Að lokum er **ferlinu** við áætlunargerðina lýst frá upphafi til enda.

#### 5. Uppbygging lýsingar á nálgun og aðferðum



#### 3.2 Hlutverk svæðisskipulags

Með gerð svæðisskipulags er ráðgert að undirbyggja, marka og festa í sessi sameiginlega sýn sveitarfélaganna, í nánu samstarfi við atvinnulífið, félagasamtök og íbúa, um þá þætti sem snúa að stofnun og þróun svæðisgarðs á Snæfellsnesi. Nánar tiltekið er hlutverk svæðisskipulagsins:

- Að veita yfirlit yfir auðlindir og sérkenni í náttúrufari, landslagi, menningu og sögu Snæfellsness og setja fram með þeim hætti að það nýtist við að:
  - Skilgreina staðaranda svæðisins.
  - Marka stefnu um nýtingu auðlinda, umgengni við landið og verndun verðmæta sem felast í umhverfi, sögu og menningu svæðisins.
  - Miðla þekkingu heimamanna og styrkja um leið vitund þeirra um gæði og verðmæti svæðisins og hvernig hægt er að nýta þau til atvinnusköpunar.
  - Þróa vöru og þjónustu á svæðinu.
  - Kynna Snæfellsnes meðal ferðamanna, fyrirtækja og fjárfesta.
- Að greina hvernig hægt er að nýta auðlindirnar og viðhalda staðaranda og sérkennum og með því styðja við þróun vöru og þjónustu á svæðinu.
- Að marka stefnu um viðhald og nýtingu sérkenna og verðmæta svæðisins, með því að setja fram markmið og skilgreina leiðir að þeim, s.s. áherslur fyrir aðalskipulagsgerð, tiltekna aðgerðir eða verkefni. Reiknað er með að tilgreindir verði mögulegir samstarfsaðilar um framfylgd einstakra verkefna sem krefjast þátttöku annarra en sveitarfélaganna, s.s. ríki, fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök o.s.frv. Í framhaldi yrðu unnar frekari áætlunir, s.s. framkvæmdaáætlun og markaðsáætlun, á vegum stjórnar svæðisgarðs til að framfylgja stefnu svæðisskipulagsins.

Sú stefna sem sett verður fram í svæðisskipulaginu mun setja ramma fyrir aðalskipulag sveitarfélaganna. Greiningar sem unnar verða við svæðisskipulagsgerðina munu nýtast beint við aðalskipulagsgerð og stefna sem mótuð verður í svæðisskipulaginu mun einfalda stefnumótun við aðalskipulagsgerðina.

Svæðisskipulaginu er þó ekki ætlað að taka á öllu sem aðalskipulag tekur á eða á öllu sem gerist á svæðinu, heldur að leggja meginlínur um þá þætti sem geta stuðlað að því að svæðisgarður verði árangursrík leið til að efla atvinnulíf og byggð á Snæfellsnesi.



### 3.3 Nálgun við svæðisskipulagsgerðina

Við áætlunargerðina verður leitast við að:

- Skapa skýra mynd af sérkennum Snæfellsness sem heildar
- Stuðla að því að atvinnugreinar nýti sér sérkenni svæðisins
- Tvinna atvinnugreinar saman
- Marka stefnu um sjálfbæra nýtingu auðlinda
- Marka stefnu um sameiginlega innviði
- Byggja á nýjum og eldri verkefnum
- Auðvelda þátttöku og frumkvæði íbúa og félagsamtaka
- Vinna í anda Evrópska landslagssáttmálans og taka mið af reynslu evrópskra svæðisgarða

Nánar er gerð grein fyrir þessum áherslum í köflum 3.3.1 - 3.3.8.

#### 3.3.1 Skýr mynd af svæðinu sem heild

Í verkefninu verður dregin upp mynd af náttúru, menningu og sögu Snæfellsness og þeim anda sem einkennir svæðið þannig að svæðið sem heild fái skýra ímynd í hugum bæði heimamanna og gesta. Jafnframt fæst gott yfirlit yfir auðlindir og verðmæti svæðisins. Með því skapast einnig grunnur að sameiginlegri framtíðarsýn og skilaboðum í markaðssetningu.


#### 3.3.2 Nýting sérkenna svæðisins innan atvinnugreina

Þegar dregin hefur verið upp af mynd af sérkennum og staðaranda svæðisins verður fjallað um hvernig hægt er að vinna með þau og nýta á áhrifaríkan hátt innan ólíkra atvinnugreina, t.d. til markaðssetningar eða þróunar vöru og þjónustu. Mörkuð verður stefna um áherslur þar að lútandi.

### 6. Snæfellsnesið sem ein heild



### 7. Sérkenni svæðisins tengd við atvinnugreinar



### 3.3.3 Atvinnugreinar tvinnnaðar saman

Í skipulagsvinnunni verður sérstaklega skoðað hvernig atvinnugreinar geta unnið saman með sérkenni og anda svæðisins t.d. til að þróa nýjar vörur eða nýja þjónustu. Til að setja fram hugmyndir um þetta verða fulltrúar mismunandi atvinnugreina, stofnana og samtaka á svæðinu leiddir saman í vinnuhópum. Hlutverk svæðisskipulagsins verður síðan bæði að festa í sessi stefnu um hvernig sveitarfélögin og aðrir þeir sem standa munu að svæðisgarðinum hyggjast stuðla að samvinnu atvinnugreina til eflingar byggðar á svæðinu; og einnig stefnu um hvernig stuðlað verður að því að sérstaðan nýtist við þróun vöru og þjónustu.

#### 8. Atvinnugreinar tvinnnaðar saman

	Sjávar- útvegur	Land- búnaður	Ferða- þjónusta	Handverk og listir	Rannsóknir og menntun	Stjórnsýsla
Sjávar- útvegur						
Land- búnaður						
Ferða- þjónusta						
Handverk og listir						
Rannsóknir og menntun						
Stjórnsýsla						

### 3.3.4 Stefna mótuð um sjálfbæra nýtingu auðlinda

Sett verður fram yfirlit yfir helstu náttúruauðlindir – í hefðbundnum skilningi þess orðs, s.s. vatn, ræktarland, hlunnindi, jarðefni og sjávarauðlindir, eftir því sem gögn liggja fyrir og ástæða þykir til. Á grunni yfirlitsins verður mörkuð almenn stefna um nýtingu auðlindanna og umgengni þeirra, til nánari útfærslu í aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga.


### 3.3.5 Stefna mótuð um sameiginlega innviði

Mörkuð verður stefna um þá sameiginlegu grunngerð sem talin er nauðsynleg til að styðja við svæðisgarð og markmið hans. Það getur t.d. átt við vegi, göngu- og reiðleiðir, fjarskipti, veitur og þjónustustofnanir.

### 3.3.6 Byggt á nýjum og eldri verkefnum

Svæðisskipulaginu og þar með svæðisgarðinum, er enn fremur ætlað það hlutverk að taka mið af og vera samræmingargrundvöllur fyrir fjölmörg verkefni á sviði atvinnu-, umhverfis- og félagsmála, sem unnið er að eða unnið hefur verið að á Snæfellsnesi og Vesturlandi undanfarin ár. Þessi verkefni verða rýnd og sameiginlegir þræðir í þeim greindir og spunnir áfram. Sjá nánar í Viðauka.

#### 9. Dæmi um eldri og nýrri verkefni á Snæfellsnesi og Vesturlandi





### 3.3.7 Hvatt til þátttöku og frumkvæðis íbúa og félagsamtaka

Mikilvægt hlutverk svæðisskipulagsgerðarinnar er að virkja íbúa, félagsamtök og fyrirtæki til þátttöku í mótun síns samfélags. Samráðsáætlun tekur mið af þessu, sjá nánar kafla 3.6 um samstarf og samráð og kafla 3.10 um miðlun.

### 3.3.8 Unnið í anda Evrópska landslagssáttmálans og mið tekin af reynslu evrópskra svæðisgarða

Svæðisskipulagsverkefnið tekur mið af Evrópska landslagssáttmálanum sem hefur það að markmiði að stuðla að verndun landslags, stjórnun þess og skipulagi. Einnig er markmið hans að stuðla að samvinnu milli Evrópuríkja í málum sem varða landslag.

Sáttmálinn skilgreinir landslag sem „svæði sem fólk skynjar og fengið hefur einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta“ (lauslega þýtt úr ensku útgáfunni sem segir: Landscape means an area, as perceived by people, whose character is the result of the action and interaction of natural and/or human factors).

Landslagssáttmálinn var samþykktur í Florence árið 2000 og tók gildi árið 2004. Vorið 2012 höfðu 39 þjóðir undirritað sáttmálann, þ.m.t. Noregur (2001), Danmörk (2003), Finnland (2005) og Svíþjóð (2011). Ísland bættist í hópinn þann 29.6.2012 og í ljósi þess tekur svæðisskipulag fyrir svæðisgarð á Snæfellsnesi mið af áherslum sáttmálans, en með undirritun hans samþykkja þjóðir eftirfarandi:

- Að viðurkenna mikilvægi landslags með lagaákvæðum.
- Að setja og framfylgja stefnu um landslagsvernd, -stjórnun og -skipulag.
- Að skilgreina ferli sem veitir almenningi, sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum möguleika á að taka þátt í að móta stefnu og framfylgja stefnunni.
- Að tvinna landslagssjónarmið inn skipulagsstefnu og menningar-, umhverfis-, landbúnaðar-, velferðar- og efnahagsstefnu.
- Auka meðvitund samfélagsins og viðeigandi aðila um gildi landslags.
- Að stuðla að þjálfun sérfræðinga og uppbyggingu háskólamenntunar í landslagsmati, stefnumótun, verndun og stjórnun.
- Að greina landslag og þá krafta sem móta það og breyta og að meta gildi þess, m.a. með því að skiptast á reynslu við önnur Evrópulönd
- Setja markmið um gæði landslags í samráði við almenning.
- Að framfylgja stefnunni.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir hvernig svæðisskipulagsverkefnið tengist helstu verkefnum sem sáttmálinn tilgreinir. Við svæðisskipulagsgerðina verður einnig horft til reynslu svæðisgarða í Evrópu af vinnu með landslag en svæðisgarðsverkefni í Noregi eru þau einu sem tengja sig beint við Evrópska landslagssáttmálann.

### 10. Tengsl við Evrópska landslagssáttmálann

Helstu verkefni sem sáttmálinn skilgreinir	Hvernig svæðisskipulagsverkefnið tengist hverju verkefni sáttmálans
<b>Vitundarvakning</b> Að auka vitund í samfélaginu um <ul style="list-style-type: none"> <li>• gildi landslags,</li> <li>• hlutverk þess og</li> <li>• breytingar á því.</li> </ul>	Svæðisskipulagsgerðin, sem leið að stofnun svæðisgarðs, snýst að miklu leyti um að auka meðvitund um gildi landslags og þau efnahagslegu og samfélagslegu tækifæri sem búa í því. Í skipulagsgerðinni verður fjallað um sérkenni landslags og mikilvægi þess fyrir upplifun ferðamanna og heilsu og sjálfsmynd íbúa. Til verða myndræn og skrifleg gögn sem ásamt samræðunni hjálpa til við að vekja samfélagið til umhugsunar um þær auðlindir og lífsgæði sem búa í landslaginu.
<b>Greining og mat</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Greina, með virkri þátttöku hagsmunaaðila, einkenni landslags og þá krafta sem breyta því.</li> <li>• Taka mið af breytingum.</li> <li>• Meta landslagið og taka mið af sértekum gildum hagsmunaaðila og almennings.</li> </ul>	Stór hluti svæðisskipulagsverkefnisins verður greining á landslagi, mat á verðmætum þess og breytingum á því. Tekið verður mið af erlendum aðferðum, einkum breskum og norskum, en þær aðlagðar að verkefninu. Leitað verður til íbúa um upplýsingar fyrir greininguna. Einnig verður leitað sjónarmiða íbúa varðandi túlkun, mat og stefnumótun. Sjá nánar kafla 2.5 um samstarf og samráð.
<b>Gæðamarkmið landslags</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja markmið um gæði landslags.</li> </ul>	Í svæðisskipulaginu verður sett fram stefna um viðhald og verndun landslags og hvernig gæði þess og sérkenni verða nýtt til að styrkja atvinnugreinar á svæðinu. Sú stefna og stefna um aðra málaflokka skipulagsáætlunarinnar verður metin m.t.t. áhrifa á landslag og aðra umhverfisþætti, sbr. lög um umhverfismat áætlana.
<b>Innleiðing</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýta ýmis verkfæri til að framfylgja stefnu sem miðar að verndun, stjórnun og/eða skipulagningu landslags.</li> </ul>	Með staðfestingu svæðisskipulags verður til rami sem fylgt verður eftir í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Einnig í verkefna- og framkvæmdáætlunum sveitarfélaganna og svæðisgarðs þegar hann hefur verið formlega stofnaður. Á grunni stefnu svæðisskipulagsins er einnig gert ráð fyrir að unnin verði svokölluð „verkfærakista“ til að aðstoða atvinnugreinar og einstaka aðila við að nýta sér sérkenni landslags.
<b>Þjálfun og menntun</b> Að efla menntun og þjálfun á sviði: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Greiningar og mats á landslagi.</li> <li>• Stefnumótunar um landslag.</li> <li>• Verndunar landslags.</li> <li>• Stjórnunar og skipulagsgerðar m.t.t. landslags.</li> </ul>	Við svæðisskipulagsgerðina munu ráðgjafar þjálfast við að greina og meta landslag og móta stefnu um verndun og nýtingu þess. Til hliðar við svæðisskipulagsgerðina hefur verið sótt um styrk til sjóðs á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, til að standa straum af norrænni vinnustofu um landslag og tengsl landslags og byggðapróunar. Reikna má með að aðferðir sem verða þróaðar og reyndar í verkefninu geti nýst við skipulagsgerð á öðrum svæðum og öðrum skipulagsstigum.

### 3.4 Leiðarljós og viðfangsefni

Hér eru sett fram sex leiðarljós fyrir svæðisskipulagsgerðina. Þau kunna að breytast eða þeim kann að fækka eða fjölga eftir því sem athugasemdir við þessa lýsingu gefa tilefni til og eftir því sem samræða við íbúa og atvinnulífð þróast.



#### I. Frumkvæði heimamanna, samvinna og sameiginleg sýn er lykilatriði fyrir árangur – um það snýst gott samfélag

- Mikilvægt er að styðja við og byggja á frumkvæði heimamanna og að sveitarstjórnir, fyrirtæki, félagasamtök og íbúar móti sameiginlega framtíðarsýn fyrir Snæfellsnes. Stefnu fyrir svæðið verði síðan markvisst fylgt eftir. Þannig nýtist best kraftur og þekking heimamanna og stuðlað er að því að markmið náist.



#### II. Verndun og nýting þurfa að haldast í hendur – um það snýst sjálfbær þróun

- Mikilvægt er að vernda og styrkja þau verðmæti sem búa í sérkennum, auðlindum og sögu Snæfellsness um leið og leitað er leiða til að nýta þau svæðinu til framdráttar. Þannig er hugsað um hag núverandi og komandi kynslóða út frá heildarsýn á umhverfi, hagkerfi og samfélag.



#### III. Upplýsingar og ný þekking getur kveikt hugmyndir – um það snýst nýsköpun

- Mikilvægt er að auðvelda íbúum og fyrirtækjum á Snæfellsnesi að nýta tækifærin sem búa í sérkennum og auðlindum svæðisins, m.a. með fræðslu, rannsóknum og aðgengilegum upplýsingum um sérkenni svæðisins og möguleika sem í þeim búa. Þannig geta hugmyndir kviknað og sambönd myndast.



#### IV. Skýr skilaboð um svæðið skapa skýra ímynd – um það snýst góð markaðssetning

- Mikilvægt er að skilaboð heimamanna; upplýsingar um sérkenni Snæfellsness og tækifæri til upplifana og afþreyingar, séu skýr og aðgengileg þeim sem vilja sækja Snæfellinga heim. Þannig eru þeim færðir lykilar að fjársjóðum Snæfellsness.



#### V. Þróun vöru og þjónustu á að byggja á sérkennum svæðisins – um það snýst varanlegt samkeppnisforskot

- Mikilvægt er að nýta sérkenni og auðlindir svæðisins til verðmætasköpunar og skilgreina mögulegar leiðir til þess. Þannig styrkist aðdráttarafli og samkeppnisstaða svæðisins.






#### VI. Samgöngu- og fjarskiptakerfi þurfa að vera góð – um það snýst öryggi og virkni íbúa

- Mikilvægt er að íbúar og gestir komist öruggir ferða sinna og geti átt samskipti auðveldlega. Þannig er stuðlað að ríkum samskiptum og möguleikum til að nýta og kynna upplýsingar og njóta svæðisins á sem fjölbreyttastan hátt.

Á grunni þessara leiðarljósa hafa verið skilgreind viðfangsefni sem svæðisskipulagið mun taka á og marka stefnu um, sbr. mynd 11. Þessi viðfangsefni verða þróuð og skilgreind nánar í skipulagsvinnunni. Á þessu stigi er þeim lýst með spurningum sbr. mynd 11. Viðfangsefnin verða nánar skilgreind í áfanga 3 og þá verður jafnframt greint frá hvernig staðið verður að umhverfismati skipulagstillögunnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlaða. Sjá nánar 4. kafla um umhverfismat.

## 11. Tengsl milli leiðarljósa og viðfangsefna svæðisskipulagsgerðarinnar

Leiðarljós	Viðfangsefni	Spurningar sem fengist verður við
<b>I. Samvinna og sameiginleg sýn</b> er lykilatriði fyrir árangur 	I.1 Stjórnun	Hvernig á að stýra svæðisgarðinum?
	I.2 Samvinna	Hvernig er best að háttá samstarfi um svæðisgarðinn og einstök verkefni undir hatti hans, milli sveitarfélaga, atvinnulífs, félagasamtaka og íbúa?
	I.3 Áætlanagerð	Hvaða áætlanir þarf að gera til að framfylgja stefnu svæðisskipulags?
<b>II. Verndun og nýting</b> þurfa að haldast í hendur 	II. 1 Vatn og sjór	Er hægt að nýta betur sjávar- og vatnsauðlindir svæðisins? Hvers þarf að gæta við nýtingu þeirra? Ber að vernda einhver svæði vegna grunnvatns, yfirborðsvatns eða vistkerfis sjávar?
	II.2 Landslag	Hvað einkennir landslag Snæfellsness? Hvaða verðmæti búa í því? Hvernig er hægt að nýta þau verðmæti betur innan ferðaþjónustu og annarra greina? Hvar mætti móta og/eða kynna nýja áfangastaði? Hvaða svæði ætti að vernda vegna landslags? Hvernig getur mannvirkjagerð, umhverfismótun/-frágangur og ræktun tekið tillit til landslagseinkenna?
	II.3 Jarðfræði og náttúruarfur	Hvað einkennir jarðfræði og náttúru Snæfellsness og hvaða verðmæti búa í þeim sérkennum? Hvernig er hægt að nýta þau verðmæti betur innan ferðaþjónustu og annarra greina? Hvar mætti móta og/eða kynna nýja áfangastaði? Hvaða svæði eða staði þarf að vernda eða gæta sértaklega að vegna jarðfræði og náttúruvarfars? Hvers þarf að gæta til að varðveita jarðfræðilega og líffræðilega fjölbreytni?

	II.4 Minjaarfur	Hvað einkennir fornminjar á Snæfellsnesi? Hvaða verðmæti búa í þeim sérkennum? Hvernig er hægt að nýta þau verðmæti betur innan ferðaþjónustu og annarra greina? Hvar mætti móta og/eða kynna nýja áfangastaði? Hvaða svæði eða staði þarf að vernda eða gæta sértaklega að vegna minja?
	II.5 Umgengni og mengunarmál	Hvaða stefnu getur svæðisgarður haft varðandi hnattræn umhverfismál eins og loftslagsbreytingar? Á hvaða staðbundnum umhverfisvandamálum á sjó og landi þarf að taka og hvernig ætti að gera það? Hvernig er hægt að tengja Earth Check verkefnið og svæðisgarðsverkefnið? Á að setja fram stefnu um stóriðjulaust Snæfellsnes?
<b>III. Upplýsingar og ný þekking</b> getur kveikt hugmyndir 	III.1 Gagnagrunnur	Hvernig er best að geyma og kynna upplýsingar um sérkenni svæðisins þannig að þær séu aðgengilegar fyrir íbúa og ferðamenn?
	III.2 Rannsóknir og fræðsla	Hvernig er hægt að efla rannsóknir á auðlindum og sérkennum svæðisins? Á hvað á að leggja áherslu? Hvernig er best að fræða fólk um möguleika sem búa í náttúru, landslagi og menningu svæðisins?
<b>IV. Skýr skilaboð</b> um svæðið skapa skýra ímynd	IV.1 Staðarandi	Hvaða upplifun veitir Snæfellsnes og hvernig er hægt að kynna hana?
	IV.2 Söguþræðir	Hvaða sögur segir svæðið? Hvernig er hægt að nýta þær í ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum?

	<p>IV.3 Mottó</p>	<p>Hvert ætti „mottó“ Snæfellsness að vera? Hvaða orð eða setningar á að nota til að markaðssetja Snæfellsnes?</p>
<p>V. <b>Þróun vöru og þjónustu</b> á að byggja á sérkennum svæðisins</p>	<p>V.1 Matur</p>	<p>Hver er stefna Snæfellinga um nýtingu sjávarauðlinda og framleiðslu úr þeim? Hvar eru verðmæt landbúnaðarsvæði (ræktun, beit, nytjajurtir, ber) og á að vernda þau sem slík? Hvernig er hægt að stuðla að því að til verði fleiri snæfellskar matvörur; framleiddar á Snæfellsnesi úr snæfellsku hráefni? Hvernig er hægt að tryggja að íbúar og gestir geti notið þessara vara? Hvernig er hægt að auka samvinnu matvælaframleiðenda og ferðaþjónustuaðila?</p>
	<p>V. 2 Handverk</p>	<p>Hvernig er hægt að efla sérstakt snæfellskt handverk, sem unnið er úr efni af svæðinu og/eða tekur mið af sérkennum svæðisins? Hvernig er hægt að tryggja að íbúar og gestir geti keypt slíkar vörur? Hvernig er hægt að auka samvinnu handverksfólks, matvælaframleiðenda og ferðaþjónustuaðila?</p>

	<p>V.3 Ferðamál</p>	<p>Hvernig er hægt að stuðla að því að upplifun þeirra sem heimsækja Snæfellsnes sé sterk, eftirminnileg og ekta? Hvernig er hægt að stuðla að því að ferðaþjónustan; mannvirki og vörur sem boðið er upp á; taki sem mest mið af sérkennum svæðisins? Hvernig er hægt að bæta framboð á afþreyingu út frá sérkennum svæðisins? Hvar eru ónýttir möguleikar? Þarf að dreifa ferðalöngum meira um svæðið, t.d. með því að huga að dreifingu gistirýmis, veitinga og afþreyingarmöguleika?</p>
<p><b>VI. Samgöngu- og fjarskiptakerfi</b> þurfa að vera góð</p>	<p>VI.1 Vegir</p> <p>VI.2 Leiðir og stígar</p>	<p>Úr hverju þarf að bæta varðandi vegi á svæðinu? Ætti að kynna einhverjar akstursleiðir út frá tilteknum „sögupræði“ eða sem „ferðamannaleið“? Á hvaða lagfæringar eða útfærslur kallar það? Ætti að fara í einhverja stígagerð í dreifbýli, t.d. til að markaðssetja Snæfellsnesið sem reiðhjólafærðasvæði? Hvaða gönguleiðir og reiðleiðir ætti að kynna frekar? Bjóða sögupræðir svæðisins upp á nýjar leiðir? Þarf betri merkingar eða skilti fyrir tilteknar leiðir? Hvernig eiga þær/þau að vera?</p>
	<p>VI.3 Fjarskipti</p>	<p>Hvað þarf að gera til að bæta fjarskipti? Ætti að setja einhverjar staðsetningarviðmiðanir fyrir fjarskiptamannvirki, s.s. m.t.t. landslagssjónarmiða?</p>

### 3.5 Þátttakendur

Þeir sem leiða svæðisgarðsverkefnið eru sveitarfélögin, samtök í atvinnulífinu og félagasamtök, en árangur verkefnisins byggir á að allt samfélagið á Snæfellsnesi verði virkjað og að haft verði samráð við þá fjölmörgu aðila sem tengjast lífi og starfi á svæðinu, sbr. 14. mynd á næstu bls. Við svæðisskipulagsgerðina verður því leitast við að ná til sem flestra, ýmist með upplýsingagjöf eða með því að leita eftir þátttöku íbúa og annarra í vinnuhópum, sjá nánar kafla 3.6 og 3.10.


Í 5. kafla er listi yfir þá sem fá þessa lýsingu og tillögu á vinnslustigi til umsagnar en á þann lista getur bæst eftir því sem líður á skipulagsvinnuna.

### 3.6 Samstarf og samráð

#### 3.6.1 Meginhugsun á bak við samráðið

Eitt af meginhlutverkum svæðisgarðs á Snæfellsnesi verður að vera miðpunktur samstarfsnets ólíkra hópa, t.d. ferðabjónustugeirans, matvælageirans og/eða handverksgeirans. Við svæðisskipulagsgerðina verður hafist handa við að hnyta þetta net (12. mynd).

12. Netagerð



Heimild: Valdis Krebs and June Holley, *Building Smart Communities Through Network Weaving*, sjá

<http://communityresponses.wordpress.com/the-catalogue-of-responses/building-capacity/network-weaving/>

Gert er ráð fyrir að settir verði á fót nokkrir vinnuhópar (möskvar), með fulltrúum úr mismunandi geirum atvinnulífs og samfélags, sem fjalli um þau viðfangsefni sem svæðisskipulagið mun marka stefnu um, sbr. töflu 11 í kafla 3.4. Hver vinnuhópur mun fjalla um þær spurningar sem falla undir hvert leiðarljós, sbr. 13. mynd. Skipting í hópa og viðfangsefni hvers hóps verða nánar skilgreind í 3. áfanga (kortlagningu og greiningu). Gert er ráð fyrir að fulltrúar úr svæðisskipulagsnefnd og stýrihópi verði í forsvari fyrir hvern hóp. Hóparnir greina stöðu og tækifæri og setja fram tillögur að áherslum og stefnu, hver fyrir sitt viðfangsefni.

13. Möguleg viðfangsefni vinnuhópa í samstarfsnetinu

Leiðarljós	Viðfangsefni	Vinnuhópur
Frumkvæði, samvinna og sameiginleg sýn er lykilatriði fyrir árangur	Stjórnun Samvinna Áætlanagerð	Snæfellsk samvinna
Verndun og nýting þurfa að haldast í hendur	Sjávarauðlindir Vatn Landslag Jarðfræði og náttúruarfur Minjaarfur Umgengni og mengunarmál	Snæfellskur auður
Upplýsingar og ný þekking getur kveikt hugmyndir	Gagnagrunnur Rannsóknir og fræðsla	Snæfellsk þekking
Skýr skilaboð um svæðið skapa skýra ímynd	Staðarandi Söguþræðir Mottó	Snæfellskar sögur
Þróun vöru og þjónustu á að byggja á sérkennum svæðisins	Matur Handverk Ferðamál	Snæfellskar vörur og þjónusta
Samgöngu- og fjarskiptakerfi þurfa að vera góð	Vegir Leiðir og stígar Fjarskipti	Snæfellsk grunnkerfi



## 14. Hagsmunaaðilar og mögulegir þátttakendur í áætlunargerðinni

Sjávarútvegur	Landbúnaður	Iðnaður	Ferðaþjónusta	Útivist og tómstundir	Handverk og listir	Rannsóknir og menntun	Náttúruafur	Menningarafur
Snæfell, félag smábátaeigenda	Búnaðarfélag – Eyrarsveitar – Staðarsveitar – Eyja- og Miklaholtshrepps	Samtök á sviði iðnaðar	Ferðamálasamtök Snæfellsness	Ferðafélag Snæfellsness	Einstök galleri og handverksmarkaðir á stöðunum	Háskólasetur Snæfellsness SH	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull + ráðgjafarnefnd	Sögumiðstöðin GF, Pakkhúsið ÖV, Norska húsið SH – Byggðasafn Snæfellinga (Héraðsn.), Bjarnarhöfn HS
Útvegsmannafélag Snæfellsness	Búnaðarsamtök Vesturlands	Verksjórafélag Snæfellsness	Markaðsstofa Vesturlands VV: Vesturlandsstofa VV: All Senses Group	Hestamannafélag, Skotfélag Grundarfj.	Listamenn og handverksfólk (einstaklingar) á svæðinu	Náttúrustofa Vesturlands SH	Breiðafjarðarnefnd	
Einstök fyrirtæki, í útgerð, vinnslu, - fiskmarkaður, ofl.	Skógræktarfélag – Stykkishólms – Heiðsynninga – Eyrarsveitar – Ólafsvíkur	Einstök fyrirtæki	Ferðamálastofa	Golfklúbbur á svæðinu	VV: Litlu búðirnar á netinu	Vör – sjávarrannsóknarstöð ÖV	Umhverfisstofnun	Fornleifavernd ríkisins
	Vesturlands-skógar		Íslandsstofa	Félag sumarhúsa-eigenda	Listasafn Íslands	Simenntunarmiðstöð Vesturlands BN	Náttúrufræðistofnun	Menningarráð Vesturlands
	Einstakir bændur		Einstök fyrirtæki			Fjölb. skóli Snæfellinga	Sjávarsafnið ÖV Eldfjallasafnið SH Vatnasafnið SH	Þjóðminjasafn Íslands
VV: Act Cool West Iceland.								
VV: Matvæklasi Vesturlands			VV: Græna lónið			Grunnskólar, Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	Jarðvangur á Snæfellsnesi	
			VV: Breiðafjarðar-féttan			Nýsköpunarmiðstöð		
						VV: W-23		
						VV: Þekkingarklasi Vesturlands		
						Stofnun Sæmundar fróða, HÍ		

Almenn samtök/hópar á svæðisvísu: SSV, Vaxtarsamningur Vesturlands, Söknaráætlun Vesturlands, FAG, Efling og Framfarafélag Snæfellsbæjar, Þróunarfélag Snæfellinga, Héraðsnefnd Snæfellinga, Framkvæmdaráð Snæfellsness, Umhverfisstofnun Snæfellsness (Earth Check), Kvarnir – hópur áhugasamra um framtíð Snæfellsness, nemendafélag, félag ungs fólks.


Þverfaglegar stofnanir: Skipulagsstofnun, Bygðastofnun, Fornleifaverndin.

Ráðuneyti og þingmenn: Umhverfisstofnun, innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið - Alþingismenn kjördæmisins.

Félög: Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verksjórafélag Snæfellsness.

Auk samstarfs við vinnuhópa verður leitað til íbúa Snæfellsness í gegnum tölvupóstlista (samráðsvettvang) sem fólk getur skráð sig á, á fésbókarsíðu verkefnisins og á vef þess. Þessir samskiptamiðlar verða nýttir til að senda út fyrirspurnir um tiltekin mál og beiðnir um gögn, s.s. ljósmyndir. Einnig verða þar birt drög að kortum, greiningum og tillögum og leitað eftir sjónarmiðum áhugasamra þar um. Að lokum er gert ráð fyrir opnum samráðs- og kynningarfundum með íbúum þegar heildartillaga liggur fyrir, sbr. 22. mynd.

### 15. Samstarfsmódel




### 3.6.2 Upplýsingaöflun og samráð í vinnuferlinu

Vinna við svæðisskipulagið skiptist í meginráttum í 1) gagnaöflun, 2) flokkun og framsetningu gagna, 3) greiningu og túlkun gagna og 4) stefnumótun á grundvelli greininga. Fyrir hvern


þessara áfanga verður sett fram samráðsáætlun, sbr. 16. mynd. Á þessu stigi er einungis útfærð samráðsáætlun fyrir „gagnaöflun“, sjá 18. mynd, bls. 17. Samráðsáætlun fyrir „greiningu og túlkun“ og „stefnumótun og umhverfismat“ mun verða nánar útfærð og kynnt á vef og með tölvupósti þegar nær dregur þeim áföngum.

16. Gögn, viðfangsefni og samráð við gagnaöflun, greiningu og túlkun og stefnumótun



Upplýsingar fyrir áætlunargerðina koma úr ýmsum áttum, sbr. 17. mynd.

### 17. Öflun upplýsinga




Leitað verður til íbúa eftir hugmyndum, sjónarmiðum, ljósmyndum og yfirllestri á kortagögnum eins og lýst er á 18. mynd. Leitað hefur verið eftir viðhorfum ferðamanna með spurningakönnun sem lá frammi á helstu ferðamannastöðum á Snæfellsnesi sumarið 2012.

### 18. Samráð við gagnaöflun

Upplýsingar	Aðilar	Upplýsingar frá íbúum			Upplýsingar frá sérfræðingum og lykilaðilum	Upplýsingar frá ferðamönnum	Upplýsingar frá vinnuhópum
	Samskiptaleiðir	Tölvupóst-listi	Fésbókarsíða	Heimasíða	Tölvupóstar, símtöl og fundir	Spurningakönnun	Fundur
Gögn fyrir yfirlit yfir sérkenni Snæfellsness og greiningu á þeim	Ljósmyndir	Óskað verður eftir að fólk sendi inn myndir af litum, mynstrum, áferð og efnum sem þeim finnst einkenna náttúru, landslag og mannvirkni á Snæfellsnesi.					
	Kortagögn	Kort í vinnslu verða birt / send og óskað eftir athugasemdum og ábendingum.					Kort í vinnslu verða yfirfarin.
	Skrifleg gögn				Leitað eftir upplýsingum sem varða einkenni Snæfellsness og svæðisgarðs-verkefnið.	Spurningakönnun um upplifun af ferðalagi um svæðið og skilabox mun liggja frammi á helstu ferðamannastöðum.	

Gögn sem aflað verður eru flokkuð af Alta og síðan greind með tilliti til sérstöðu, staðaranda, áskorana og tækifæra, sbr. 19. mynd.

### 19. Flokkun og túlkun gagna



Svæðisskipulagsnefnd og stýrihópur nýta síðan niðurstöður greiningarinnar til að taka ákvörðun um skiptingu í vinnuhópa. Vinnuhópar hefja svo formlega störf og vinna verkefni sem ráðgjafar leggja fyrir þá. Verkefni snúa að sérstöðu, áskorunum, tækifærum og áherslum. Gögn sem hóparnir skila af sér mun Alta nýta til að móta tillögur að stefnu um styrkingu og nýtingu sérstöðu Snæfellsness með svæðisskipulagsnefnd og stýrihópi. Á sama



tíma og hóparnir eru að vinna verður leitað til íbúa um hugmyndir og sjónarmið um einstök atriði í gegnum tölvupóst, fésbókarsíðu og vefsíðu. Sami háttur verður hafður á þegar tillögur að stefnu liggja fyrir.

### 3.7 Greining

Hluti svæðisskipulagsvinnunnar er að safna saman tiltækum gögnum um náttúrufer, byggð, sögu, atvinnulíf og innviði svæðisins og setja þau fram með þeim hætti að þau geti nýst með fjölbreyttum hætti, sbr. það sem fram kemur um hlutverk svæðisskipulags í kafla 3.2.

Gögnin eru flokkuð í nokkrar þekjur, sbr. 20. mynd.

#### 20. Flokkar gagna sem safnað verður fyrir landkosta- og sérstöðugreiningu

Flokkar gagna	
ÞEKJUR	LYKILÞÆTTIR
Landmótun og vatnafar	Berggrunnur Jarðmyndanir; gígar, stuðlar, hraun, hellar Jarðvegur Vötn, ár, lækir, fossar, jöklar Ölkeldur, hverir
Gróðurfar og dýralíf	Náttúrulegur gróður, ræktað land, beitiland, framræst land Gróðurrof / jarðvegsrof, landgræðsla Fágætar tegundir; ágengar tegundir Fuglalíf og annað dýralíf
Atvinnulíf, búseta og landnotkun	Byggðarmynstur og búsetuþróun Atvinnulíf og atvinnuþróun Landbúnaður; tegundir býla, eyðibýli Sjávarútvegur; hafnir, hafnarstarfsemi, fiskimið, fiskeldi, fiskvinnsla Iðnaður; landfrek starfsemi Ferðaþjónusta; gisting, veitingar, söfn, sundlaugar, veiði, golf, hestaferðir Fristundahús Nytjar; sól, ber, fjallagrös o.fl. Vegir, leiðir, veitur Vernduð svæði; friðlönd, náttúruvætti, aðrar náttúruminjar
Samfélag og menning	Fornminjar; verbúðir, verslunarstaðir, rústir, sel, garðar Örnefni, þjóðleiðir, landnámsjarðir Friðuð hús, merkar byggingar Kirkjur, samkomuhús, íþróttastaða, garðar
Menningarlegar skírskotanir	Staðir tengdir skáldum, listamönnum, sögupersónum, skáldverkum, þjóðsögum, fornsögum, merkum atburðum, handverki, verkháttum, samkomum
Skynjun og upplifun	Litir, form, mynstur, áferð, skali, sjónarrönd, útsýni, birta, hljóð, lykt

Gögnin verða matreidd þannig fyrir vinnuhópa að þeir geti aðstoðað við að draga fram sérkenni svæðisins, sögurnar sem þau segja og tækifærin sem búa í þeim til verðmætasköpunar. Einnig munu hóparnir fjalla um hvaða verðmæti í umhverfi, sögu og menningu svæðisins ætti að viðhalda og styrkja.

Við greiningu tækifæra sem felast í sérkennum og staðaranda svæðisins verður horft til þess að verðmætasköpunin getur verið bæði efnisleg og óefnisleg á sviðum umhverfis, menningar, félagsmála og efnahags. Einnig verður horft til þess að tækifæri geta legið í mismunandi sviðum atvinnulífsins, s.s. varðandi miðlun, fræðslu, rannsóknir, vöruþróun, nýsköpun, gæðastýringu, umsjón og stjórnun (21. mynd).

#### 21. Breið verðmætasköpun á grunni sérkenna Snæfellsness

Sjálfbær verðmætasköpun			
UMHVERFISLEG	MENNINGARLEG	FÉLAGSLEG	EFNAHAGSLEG
Verndun auðlinda	Sögulegt samhengi	Meðvitund og þátttaka	Vöruþróun Nýsköpun
Nýting auðlinda	Ímynd og sjálfmynd	Hvatning og virkjun	Efling fyrirtækja

Tækifæri til eflingar ólíkra sviða	
Miðlun, fræðsla, rannsóknir	Nám og leiðsögn um áttahaga. Túlkun og miðlun náttúru- og menningarverðmæta. Tengsl við skóla og rannsóknarstofnanir.
Vöruþróun, nýsköpun, gæðastýring	Sjálfbær atvinnuþróun. Staðbundin framleiðsla og þjónusta, t.d. sjávarútvegur, ferðaþjónusta. Vörumerki. Markaðssetning.
Umsjón, stjórnun	Vernda, stýra og þróa verðmæti. Bindandi samstarf til langs tíma. Framfylgja stefnu á svæðis- og landsvísu. Samræma áætlanir.

### 3.8 Stefnumörkun

Á grunni greiningar ráðgjafa og vinnuhópa verður sett fram stefna um þau atriði sem talið er að sveitarfélögin, í samvinnu við atvinnulífið og félagasamtök, þurfi að ákveða sameiginlega vegna svæðisgarðsins, sbr. einnig viðfangsefni í kafla 3.4. Stefnan verður sett fram í þremur þrepum: framtíðarsýn – markmið – leiðir. Allra fyrstu drög að efnisyfirliti svæðisskipulags eru eftirfarandi en vakin er athygli á að þau eiga eftir að þróast og yfirskriftir og efnisflokkar geta breyst:

1. Framtíðarsýn
2. Inngangur
  - Tilgangur
  - Svæðisskipulagsgerðin
  - Tengsl við aðrar áætlanir
3. Stóra samhengið
  - Byggðapróun: Nýting og verndun
  - Heimsvísa – landsvísa - svæðisvísa
4. Leiðarljós
  - Samvinna og sameiginleg sýn er lykilatriði fyrir árangur
  - Verndun og nýting þurfa að haldast í hendur
  - Upplýsingar og ný þekking getur kveikt hugmyndir
  - Skýr skilaboð um svæðið skapa skýra ímynd
  - Þróun vöru og þjónustu á að byggja á sérkennum svæðisins
  - Samgöngu- og fjarskiptakerfi þurfa að vera góð
5. Meginstefna
  - Samvinna og sýn: Stjórnun, samvinna, áætlanagerð
  - Verndun og nýting: Vatn, landslag, jarðfræði og náttúruarfur, minjaarfur, umgengni og mengunarmál
  - Upplýsingar og ný þekking: Gagnagrunnur, rannsóknir og fræðsla
  - Skýr skilaboð: Staðarandi, söguþræðir, mottó
  - Þróun vöru og þjónustu: Matur, handverk, ferðamál
  - Samgöngur og fjarskipti: Vegir, leiðir og stígar, fjarskipti
6. Forgangsverkefni
7. Framfylgd

### 3.9 Framsetning

Svæðisskipulagið verður sett fram með þeim hætti að auðvelt sé að birta efni þess á kynningarvef fyrir svæðisgarðinn sjálfan síðar meir. Lögð verður áhersla á myndræna framsetningu og stuttan og skýran texta.

#### 3.10 Miðlun

Við vinnslu svæðisskipulagsins verður leitast við að halda íbúum vel upplýstum um framgang mála og hvar, hvenær og hvernig hægt er að taka þátt. Nokkrar leiðir verða notaðar til að ná til almennings, t.d. vefur svæðisgarðs, fésbókarsíða, staðarblöð og vefir sveitarfélaga og annarra verkefniseigenda.


Á vef svæðisgarðsins, [www.svaedisgardur.is](http://www.svaedisgardur.is), er svæðisskipulagsgerðinni lýst og reglulega birtar fréttir og fundargerðir svæðisskipulagsnefndar. Á sérstakri síðu um svæðisskipulagsgerðina á vefnum verða birt gögn til kynningar og athugasemda.

Á fésbókarsíðu verkefnisins <http://www.facebook.com/Svaedisgardur> birtast „léttari“ fréttir af framvindu svæðisgarðsverkefnisins, þ. á m. svæðisskipulagsvinnunni. Innri verkefnisvefur, lokaður, heldur utan um starf svæðisskipulagsnefndar og stýrihóps. Vinnuhópar hafa möguleika á að nýta fésbókina eða innri vefi fyrir upplýsingasöfnun, miðlun og samskipti við almenning í þágu viðfangsefnis hvers hóps. Reglulega verða skrifaðar greinar í staðarblöð á svæðinu til að kynna svæðisgarð og svæðisskipulagsvinnuna. Bæjarfulltrúum og öðrum verkefniseigendum er reglulega kynnt framvinda verkefnisins, með yfirliti um stöðu og helstu aðgerðir, auk þess sem tölvupóstur er notaður mikið þeirra á milli.

### 3.11 Vinnuferlið

Skipulagsvinnan mun skiptast upp í 7 megináfanga, sjá. 22. mynd. Í hverjum áfanga verða ýmist fundir með vinnuhópum eða íbúum og lykilaðilum. Ferlið og tímaáætlunin er sett nánar fram á 23. mynd.

22. Megináfangar áætlunargerðarinnar



23. Verkbættir í hverjum áfanga og tímaáætlun

ÁFANGI	VERKBÆTTIR	VINNSLUTÍMI	
UNDIRBÚNINGUR	Skipun svæðisskipulagsnefndar Setning starfsregla Umsókn í Skipulagssjóð Svæðisskipulagsvefur – beinagrind	apr – jún 2012	
LÝSING VERKEFNIS	Aðdragandi og tilgangur Skipulagsferlið Skilgreining viðfangsefna Yfirlit yfir einkenni svæðisins Samhengi við önnur verkefni Hlutverk og framtíðarsýn fyrir svæðisgarð Meginmarkmið og áherslur	apr – okt 2012	
GAGNAÖFLUN FLOKKUN GRENING OG TÚLKUN	Landkosta- og sérstöðugreining Mat á verðmætum svæða Framsetning þema sem lýsa svæðinu  Greining tækifæra sem búa í sérkennum svæðisins Birting á vef	jún – okt 2012  sept – des 2012	
STEFNUMÓTUN, MATSLÝSING OG UMHVERFISMAT	Samvinna og stjórnun Verndun og nýting: Vatn, landslag, jarðfræði og náttúruarfur, minjarfur, umgengi og mengunarmál Upplýsingar og ný þekking: Gagnagrunnur, rannsóknir og fræðsla	Skýr skilaboð: Staðarandi, söguþræðir, mottó  Þróun vöru og þjónustu: Matur, handverk, ferðamál Samgöngur og fjarskipti: Vegir, leiðir og stígar, fjarskipti	okt – feb 2013
TILLAGA TIL KYNNINGAR	Frágangur á vef Afgreiðsla til kynningar Kynning tillögu. Umsagnartími. Úrvinnsla eftir kynningu Afgreiðsla til auglýsingar Athugun Skipulagsstofnunar	mars – maí 2013	
AUGLÝSING TILLÖGU	Úrvinnsla úr aths. Skipulagsstofnunar Birting gagna og auglýsinga	maí – júlí 2013	
LOKAAFGREIÐSLA SVÆÐISSKIPULAGS	Úrvinnsla úr aths. frá augl.tíma Lokafrágangur til samþykktar og staðfestingar Samþykkt nefndar og sveitarstjórna Staðfesting Skipulagsstofnunar	ágú – des 2013	

## 4 Umhverfismat

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana verða umhverfisáhrif svæðisskipulagstillögu um svæðisgarð metin. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við móttöku tillögu og að reynt sé að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif.

Í 3. áfanga verkefnisins, sbr. myndir 22 og 23, verður sett fram lýsing á umfangi matsins og aðferðum við það. Lýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar og kynnt á vef verkefnisins í byrjun árs 2013. Í henni verður gerð grein fyrir eftirfarandi:

- Umhverfisþáttum sem taldir eru verða fyrir áhrifum með tilkomu áætlunarinnar.
- Þeim þáttum áætlunarinnar sem taldir eru valda verulegum umhverfisáhrifum miðað við drög að áætlun.
- Raunhæfum valkostum við stefnuna eða einstaka þætti hennar.
- Viðmiðum sem lögð verða til grundvallar umhverfismati áætlunarinnar. Viðmiðin geta verið umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda á svæðis- og landsvísu og viðmiðunarmörk í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum.
- Aðferðum/nálgun sem verður beitt við matið og hvornig það verður sett fram.
- Samráðsaðilum, þ.e. til hverra verður leitað eftir álitum eða upplýsingum í matsferlinu en það geta t.d. verið stofnanir, sérfræðingar, íbúar og aðrir hagsmunaaðilar.
- Hverjir munu koma til með að vegna og meta umhverfisáhrifin.
- Helstu skrefum eða áföngum umhverfismatsins í tengslum við ferli skipulags-áætlunarinnar.

Matið sjálft verður síðan sett fram í umhverfisskýrslu sem kynnt verður með „tillögu til kynningar“ á kynningartíma hennar í 6. áfanga, sbr. mynd 22.

## 5 Umsagnaraðilar um lýsingu

Leitað verður umsagnar eftirtalinna aðila um þessa lýsingu í nóvember 2012. Sömu aðilar fá „tillögu til kynningar“ (sbr. 23. mynd) til umsagnar fyrir auglýsingu, en ráðgert er að það verði í febrúar-maí 2013.

- Alþingismenn kjördæmisins
- Áttthagastofa Snæfellsbæjar
- Breiðafjarðarnefnd
- Búnaðarfélag á Snæfellsnesi
- Byggðasafn Snæfellinga, Sögumiðstöð, Eldfjallasafn, Vatnasafn, Sjávarsafn, Sjómannagarður, Pakkhús, Fiskasafn, Bjarnarhöfn
- Byggðastofnun
- FAG, Efling og Framfarafélag Snæfellsbæjar
- Ferðafélag Snæfellsness
- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Ferðamálastofa
- Fjölbrotaskóli Snæfellinga og nemendafélag
- Fornleifavernd ríkisins
- Framkvæmdaráð Snæfellsness
- Grunnskólar á Snæfellsnesi og nemendafélög
- Héraðsnefnd Snæfellinga
- Íslandsstofa
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Leikskólar á Snæfellsnesi
- Markaðsstofa Vesturlands
- Menningarráð Vesturlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Rannsóknarstofnanir á Snæfellsnesi: Rannsóknarsetur HÍ á Snæfellsnesi, Náttúrustofa Vesturlands, Vör-sjávarrannsóknarsetur
- Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- SDS, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Skipulagsstofnun
- Skógræktarfélag á Snæfellsnesi
- Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
- Sóknaráætlun Vesturlands
- Umhverfisfulltrúi Snæfellsness
- Umhverfisstofnun
- Útvegsmannafélag Snæfellsness
- Vaxtarsamningur Vesturlands
- Verkalýðsfélag Snæfellinga
- Verkstjórafélag Snæfellsness
- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
- Þróunarfélag Snæfellinga



## 6 Næstu skref

Ferlið við kynningu þessarar lýsingar er eftirfarandi:

1. **Skipulagsstofnun** og **aðrir umsagnaraðilar** fá lýsinguna til umsagnar. Frestur til athugasemda er 4 vikur.
2. Á sama tíma er lýsingin **birt á svæðisgarðsvefnum**, [www.svaedisgardur.is](http://www.svaedisgardur.is). Einnig er birt frétt á fésbókarsíðunni, á vefum sveitarfélaganna og í staðarblöðum. Útprintað eintak lýsingar liggur einnig frammi á bæjarskrifstofum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar og bókasöfnum sömu sveitarfélaga, hjá oddvitum Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps og hjá skipulags- og byggingarfulltrúa þeirra síðast nefndu, að Þórðargötu 18 í Borgarnesi. Frestur til athugasemda og ábendinga er 4 vikur, eða til og með 1. desember 2012.
3. Eftir að umsagnartíma um lýsinguna lýkur mun svæðisskipulagsnefnd og stýrihópur **vinna úr athugasemdum** og gera breytingar á lýsingu eftir því sem ástæða þykir til.